



Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

27. fundur Skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu Borg,
4. mars 2025 klukkan 14:15.

Fundinn sátu:

Pétur Thomsen, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar
Guðrún Helga Jóhannsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar
Anna Margrét, fulltrúi sveitarstjórnar
Sigrún Hreiðarsdóttir, skólastjóri
Guðrún Ása Kristleifsdóttir, deildarstjóri grunnskóla
Sigríður Þorbjörnsdóttir, deildarstjóri leikskóladeildar
Anna Katrín Þórarinsdóttir, fulltrúi kennara
Bryndís Edda Eðvarðsdóttir, fulltrúi foreldra
Fjóla Kristinsdóttir, sveitarstjóri

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Guðrún Helga Jóhannsdóttir.

1. Námsstyrkir til starfsfólks Kerhólsskóla

Drög að reglum Grímsnes- og Grafningshrepps um námsstyrki til starfsfólks Kerhólsskóla lögð fram til umræðu og samþykktar.

Reglurnar voru samþykktar samhljóða.

2. Skóladagatal Kerhólsskóla 2025-2026

Skóladagatal Kerhólsskóla fyrir 2025-2026 lagt fram til kynningar og umræðu.

Ákveðið að gera könnun meðal foreldra um lengd á vetrarfríi og sumarfrístund.

Umræður um skóladagatal halda áfram á næsta fundi skólanefndar.

3. Skipun í mötuneytisnefnd

Skipun í mötuneytisnefnd Kerhólsskóla var rædd.

Ákveðið var að nefndin yrði skipuð fjórum fulltrúum: fulltrúa skólanefndar sem jafnframt er foreldri, fulltrúa skóla, fulltrúa kennara og fulltrúa nemenda.



Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

4. Nefnd um húsnæði Kerhólsskóla

Sagt var frá ætlun sveitarstjórnar um að skipa nefnd um húsnæði Kerhólsskóla.

Samþykkt var að skipa nefndina með eftirfarandi fulltrúum:

- *Fulltrúi skólanefndar: Pétur Thomsen*
- *Fulltrúar Kerhólsskóla: Sigrún Hreiðarsdóttir og Sigríður Þorbjörnsdóttir*
- *Fulltrúi foreldra: Örvar Bjarnason*
- *Einn fulltrúi sveitarstjórnar*

5. Skólaþing

Umræða um skólaþing var færð til næsta fundar.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 15:46.